

björgu, Heimi og Árna, og þess vegna hafi verið valin sú leið að höfða mál til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda.

Kröfugerð í máli þessu sé ljós, svo sé einnig um vanskil, þau séu ljós, en greiðslur óljósar. Víst sé, að greiðslur 30. mars 1982 og síðar hafi ekki borist. Málaltilbúnaður stefnanda sé ekki óljós, en málsatvik séu óljós.

#### IV.

Niðurstaða.

Fallast ber á það með stefnanda, að mál þetta falli ekki undir XIX. kafla laga nr. 85/1936 þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hefur heimildarbréf að réttindum þeim, sem hún öðlaðist yfir fasteigninni Veltusundi 3 B, Reykjavík, 1. maí 1983.

Þegar litið er til kröfugerðar og málaltilbúnaðar stefnanda, sem rakinn hefur verið hér að framan, þá þykir bera að taka til greina kröfu um frávisun málsins vegna óljóss málaltilbúnaðar stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. maí 1983.

Nr. 83/1983. **Félagsmálaráðherra**

gegn

**Einari Jónassyni.**

Kærumál. Skipti. Ríkisábyrgð.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 5. apríl 1983, sem barst réttinum 18. apríl 1983. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og tekin til greina sú krafa, er hann gerði fyrir skiptaréttinum, „að vinnulaunakrafa varnaraðilja á hendur þrotabúi Baldvins G. Heimissonar falli utan

þeirrar ríkisábyrgðar, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, sbr. lög nr. 8/1979.“ Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Ekki verður fallist á það með varnaraðilja, að hinn kærði úrskurður sé í raun úrskurður um sæti kröfu í kröfuflokki og verði ekki borinn undir Hæstarétt með kæru vegna ákvæðis b liðar 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, er sérstæð réttarforsregla, sem skýra ber þröngt. Sóknaraðili hefur fengið sönnunargögn fyrir því, að launakröfu varnaraðilja hafi verið lýst og hún tekin til greina sem forgangskrafa í þrotabúi Baldvins G. Heimissonar að undangenginni þeirri málsmeðferð, sem greinir í 108. og 110. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Er sú ákvörðun endanleg fyrir þrotabúið.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, án þess að leyst verði úr því í kærumáli þessu, hvort hin umdeilda launakrafa fullnægi lagaskilyrðum, til að skylt hafi verið að taka hana til greina sem forgangskröfu við gjaldþrotaskiptin. Verður varnaraðili að sækja kröfu sína á hendur sóknaraðilja fyrir hinum almennu dómstólum, ef sóknaraðili synjar greiðslu hennar á þeim grundvelli.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. mars 1983.**

#### I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 9. mars sl. Sóknaraðili, félagsmálaráðherra, gerir þá kröfu,

að úrskurðað verði, að vinnulaunakrafa varnaraðilja á hendur þrotabúi Baldvins G. Heimissonar falli utan þeirrar ríkisábyrgðar, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 3/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Af hálfu varnaraðilja, Einars Jónassonar, nafnnúmer 1816-1842, Strýtuseli 16, Reykjavík, eru þær réttarkröfur gerðar, að úrskurðað verði, að vinnulaunakrafa hans falli innan ríkisábyrgðar og að sóknaraðilja verði gert að greiða hæfilegan málskostnað að mati skiptaréttarins. Gerð var krafa um, að forsendur fylgdu úrskurðarorði.

## II.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 21. júlí 1982 barst skiptarétti Reykjavíkur krafa um, að bú Baldvins G. Heimissonar, nafnnúmer 0940-5534, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp hinn 20. október 1982. Innköllun var gefin út í búið, og lauk kröfulýsingarfresti hinn 5. janúar 1982. Innkölluninni fylgdi auglýsing, þar sem boðað var til skiptafundar hinn 27. janúar 1983. Í auglýsingunni sagði jafnframt: „Skrá yfir lýstar kröfur í búið mun liggja frammi í skrifstofu skiptaráðanda síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund, sbr. 108. gr. laga nr. 6, 1978. Hafi athugasemdir við afstöðu skiptaráðanda til lýstra krafna ekki komið fram í síðasta lagi á skiptafundinum, mega viðkomandi aðilar búast við því, að þær komist ekki að við skiptin.“ Í kröfuskránni, sem lögð var fram á fundinum, var viðurkennd forgangskrafa varnaraðilja máls þessa að fjárhæð kr. 9.633.50 vegna vinnulauna, sem féllu í gjalddaga hinn 12. febrúar 1981. Á skiptafundinum var gerð svofelld bókun: „Kröfuskra hefur legið frammi í lögmaletan tíma og engar athugasemdir komið fram við hana, hvorki fyrir þennan skiptafund né á honum. Verður hún því óbreytt lögð til grundvallar endanlegri skiptagerð, þegar úthlutað verður úr búinu.“ Að loknum skiptafundinum kom varnaraðili kröfu sinni á framfæri við félagsmálaráðuneytið og óskaði eftir því, að hún yrði greidd úr ríkissjóði.

Með bréfi, dags. 28. janúar 1983, mótteknu hinn 4. febrúar, óskaði félagsmálaráðuneytið síðan úrskurðar skiptaréttarins um það, hvort vinnulaunakrafa varnaraðilja félli innan ríkisábyrgðar, og vísaði til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974 í því efni. Var skiptaréttarmál vegna þeirrar kröfu þingfest hinn 18. febrúar sl. Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

## III.

Í greinargerð sóknaraðilja kemur fram, að ágreiningur í þessu máli sé tvíþættur. Annars vegar sé um það deilt, hvort sú afstaða skiptaráðanda að viðurkenna vinnulaunakröfu varnaraðilja sem forgangskröfu sé efnislega bindandi fyrir skiptaréttinn við framhaldsmeðferð gjaldþrotamálsins. Hins vegar snúist ágreiningurinn um það, hvort vinnulaunakrafan sem slík

eigi að falla innan eða utan ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot samkvæmt lögum um þau efni.

Varðandi fyrra ágreiningsmálið telur sóknaraðili augljóst eftir eðli máls, að réttaráhrif þeirrar afstöðu skiptaráðanda til viðurkenningar á kröfu, sem fram er sett í kröfúlýsingaskrá fyrir skiptafund, séu með þeim hætti, að skiptaráðandi geti vikið frá þeim síðar, ef nýjar málsástæður eða ný gögn komi til skjalanna, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda sé slík ákvörðun ekki tekin í úrskurðarformi. Slík frávik frá fyrri úrskurðum dómara við meðferð máls séu heimili í afmörkuðum tilvikum og því fremur ættu aðrar ákvarðanir dómara að geta sætt breytingu, þegar nýir fletir komi upp við meðferð mála. Þá kunni einstök lagaákvæði að gefa skiptaráðanda enn viðtækari heimildir til að víkja frá fyrri úrskurðum sínum eða ákvörðunum. Dæmi um slíkt sé að finna í lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot nr. 31/1974, sbr. lög nr. 8/1979.

Kröfúlýsingaskrá í þrotabúi Baldvins G. Heimissonar hafi verið samin af skiptaráðanda og samþykkt á skiptafundi hinn 27. janúar 1983, án þess að félagsmálaráðuneytið fengi nokkra vitneskju um vinnulaunakröfu varnaraðilja né gæfist að öðru leyti minnsti kostur á að gæta réttar síns. Krafan hafi ekki verið send ráðuneytinu fyrr en að loknum skiptafundi 27. janúar 1983. Ráðuneytið hafi strax talið verulegan vafa leika á því, að krafan félli innan ríkisábyrgðar, og óskað úrskurðar skiptaréttar um það með bréfi 28. janúar 1983. Ljóst sé, að ráðuneytið hafi ekki fyrr getað neytt þess réttar, sem því sé áskilinn í lögum nr. 31/1974, sbr. lög nr. 8/1979, til þess að leggja þetta álitamál undir úrskurð skiptaréttar. Ef fallast ætti á það, að viðurkenning skiptaráðanda á vinnulaunakröfu varnaraðilja væri bindandi fyrir skiptaréttinn, væri um leið verið að slá því föstu, að úrræði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, væru marklaus. Slík niðurstaða væri ótæk.

Varðandi það ágreiningsefni, hvort vinnulaunakrafa varnaraðilja falli innan eða utan ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot, bendir sóknaraðili á, að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, taki ábyrgðin til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgi samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979. Viðmiðunartímamark þeirra laga sé upphaf skipta. Lögin um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot vísi þannig til skilgreiningar skiptalaga um gildissvið sitt að því leyti, hvaða kröfur falli inna ábyrgðar og hverjar utan. Hugtakið upphaf skipta sé þar þó óskilgreint, en ráðist af túlkun gjaldþrotalaga.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. eldri laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 hafi upphaf skipta miðast við það tímamark, er skiptaráðandi hafði fengið í sínar hendur beiðni skuldunauts eða kveðið upp úrskurð um gjaldþrota-

skipti að beiðni lánardrottins. Í nágildandi gjaldþrotalögum nr. 6/1978 sé ekkert sambærilegt efnisákvæði að finna. Hvergi örli á því, að merkingu eldri laga um upphaf skipta sé ætlað að taka breytingum í nýju gjaldþrotalögunum, hvorki í ákvæðum þeirra sjálfra né í greinargerð með frumvarpi til þeirra. Vekur sóknaraðili sérstaka athygli á 24. gr. gjaldþrotalaganna, sem bendi eindregið til hins gagnstæða.

Í gjaldþrotalögum nr. 6/1978 komi fram nýtt hugtak um tiltekið viðmið-unarmark, hugtakið frestdagur. Þá séu ákvæði um greiðslustöðvanir í II. kafla laganna meðal helstu nýmæla þeirra. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna komi fram, að þau ákvæði eigi að stuðla að því, að bú komi fyrr til skipta. Í 1. gr. laganna sé hugtakið frestdagur hins vegar skilgreint og merki þar m. a. daginn, þegar skiptaráðandi fái ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti. Í athugasemdum segi m. a., að hugtakið frestdagur sé tekið upp „til að fá orð um tímamark, sem oft skiptir máli, einkum skv. 8. kafla frv. um riftun ráðstafana þrotamanns og riftun réttargerða.“ Tilgangur laganna með því að taka upp hugtakið frestdagur virðist því sá að fastsetja ákveðið tímamark, er hafi grundvallarþýðingu um greiðslustöðvun og riftun, en ekki að breyta því tíma-marki, sem upphaf skipta var miðað við í eldri lögum. Þá bendir sóknaraðili á, að væri upphaf skipta fært fram til frestdags, féllu áður almennar kröfur skiptalaga undir forgangskröfur.

Sóknaraðili telur ljóst með vísan til framangreinds og þess, að gjaldþrotaráúrskurður var kveðinn upp rúmun tuttugu mánuðum eftir að vinnulaun varnaraðilja féllu í gjalddaga, að vinnulaunakrafa hans í búið falli utan átján mánaða tímabils frá upphafi skipta og þar með utan ríkisábyrgðar.

Varnaraðili bendir á, að umrædd krafa hafi verið viðurkennd af skiptaréttinum sem forgangskrafa samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga. Sú niðurstaða sé bindandi fyrir skiptaréttinn samkvæmt íslenskum rétti, og vísar varnaraðili í því efni til 2. mgr. 196. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Verði ekki á þá skoðun fallist, bendir varnaraðili á, að viðmiðunartímamark í 1. og 4. tölulið 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, sé andlátíð, meðan viðmiðunartímamark í 2., 3., 5., 6., 8. og 9. tölulið sé upphaf skipta. Þarna sé ótvírætt um tvö mismunandi tímamörk að ræða, sbr. t. d. 12. gr. skiptalaga. Í fyrra tilfellinu sé miðað við þann atburð, sem leiði af sér, að til skipta komi, en í því síðara við upphaf skiptanna. Það sé því ljóst, þegar 1. tölulið 84. gr. skiptalaga sé beitt með lögjöfnun um gjaldþrotaskipti, beri að miða við tímamark, sem sé fyrr en upphaf skipta. Eðlilegt virðist eftir gildistöku laga nr. 6/1978, að frestdagur komi þarna í stað andláts, þar sem önnur niðurstaða gæti valdið réttaróvissu.

## IV.

Félagsmálaráðherra hefur óskað úrskurðar skiptaráðanda um ágreinings-efni þetta með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. lög nr. 8/1979, sem hljóðar svo: „Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það.“ Í 1. mgr. 2. gr. sömu laga segir, að ábyrgðin taki til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgi samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Á skiptafundi í þrotabúi Baldvins G. Heimissonar hinn 27. janúar sl. var krafa varnaraðilja viðurkennd sem forgangskrafa í búið. Til fundarins hafði verið boðað með auglýsingu í Lögbirtingablaði, og lá kröfuskrá frammi hjá skiptaráðanda lögmæltan tíma fyrir skiptafund. Ákvörðun skiptafundarins að viðurkenna, að krafa varnaraðilja njóti forgangs, er bindandi fyrir þrotabúið. Með því að krafa varnaraðilja nýtur forgangsréttar við skipti á umræddu þrotabúi, er uppfyllt það skilyrði, sem 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, setur fyrir ríkisábyrgð. Þar sem önnur skilyrði ríkisábyrgðar eru einnig fyrir hendi varðandi kröfur varnaraðilja, verður að hafna kröfu sóknaraðilja í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Helga Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp þennan úrskurð.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Réttarkröfu sóknaraðilja máls þessa um, að úrskurðað verði, að vinnulaunakrafa varnaraðilja falli utan ríkisábyrgðar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

---